

**27. fundur Skóla- og fristundaráð, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
5. janúar 2016 og hófst hann kl. 16:30**

**Fundinn sátu:**

Sigríður Índriðadóttir formaður, Kristinn Hallur Sveinsson aðalmaður, Ásthildur Ósk Ragnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sigrún Inga Guðnadóttir áheyrnarfulltrúi, Valdís Eyjólfssdóttir varamaður og Svala Kristín Hreinsdóttir deildarstjóri skólabrúunar og sérfraðibjónustu.

**Fundargerð ritaði:** Svala Hreinsdóttir, deildarstjóri skóla- og fristundasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 1505024 - Launað námsleyfi**

Umsókn hefur borist um launað námsleyfi fyrir 40% starfshlutfalli frá aðstoðarskólastjóranum í Garðaseli vegna skólaársins 2016-2017.

Aðstoðarskólastjóri vísar í ákvæði í kafla 10.5 í kjarasamningi félags stjórnenda í leikskólum þar sem stjórnanda með 12 ára starfsreynslu er heimilt að sækja um allt að níu mánaða námsleyfi á launum.

*Á fundinn mættu Brynhildur Björg Jónsdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra og Gunnur Hjálmsdóttir áheyrnarfulltrúi starfsmanna í leikskólum.*

*Kristinn vék af fundi kl. 16:31.*

*Skóla- og fristundaráð getur ekki orðið við erindinu. Ekki er gert ráð fyrir fjármagni í fjárhagsáætlun ársins 2016 í launuð námsleyfi starfsmanna Akraneskaupstaðar. Ef tekin verður ákvörðun um það í framtíðinni að veita launuð námsleyfi hjá Akraneskaupstað yrði að auglýsa það sérstaklega og móta reglur um úthlutun.*

**2. 1503100 - Launað námsleyfi**

Umsókn hefur borist um launað námsleyfi frá leikskólakennara í Garðaseli vegna skólaársins 2016-2017. Leikskólakennarinn vísar í ákvæði í kafla 10.5.1 í kjarasamningi félags leikskólakennara þar sem heimilt að veita leikskólakennara launað námsleyfi til að stunda viðurkennt nám framhaldsnám eða sækja endurmenntunarnámskeið í sérgrein sinni.

*Kristinn mætti aftur á fundinn kl. 16:45.*

*Skóla- og fristundaráð getur ekki orðið við erindinu. Ekki er gert ráð fyrir fjármagni í fjárhagsáætlun ársins 2016 í launuð námsleyfi starfsmanna Akraneskaupstaðar. Ef tekin verður ákvörðun um það í framtíðinni að veita launuð námsleyfi hjá Akraneskaupstað yrði að auglýsa það sérstaklega og móta reglur um úthlutun.*

**3. 1512260 - Starfsemi leikskóla - sumarskóli 2016**

Leikskólar Akraneskaupstaðar loka í fimm vikur að sumri ár hvert. Boðið hefur verið upp á þjónustu sumarskóla leikskóla og verður sú þjónusta í fimmta sinn sumarið 2016. Sumarið 2015 var mikil aðsókn í sumarskólann þær tvær vikur sem hann var opinn í júlí.

*Skóla- og fristundasvið samþykkir að leikskólar Akraneskaupstaðar loki í fimm vikur frá og með 4. júlí til og með 5. ágúst 2016. Leikskólarnir opna aftur eftir sumarfrí 8. ágúst. Ráðið samþykkir einnig að þjónusta sumarskóla leikskóla*

51  
✓HS

Akraneskaupstaðar verði nú í leikskólanum Akraselí í tvær vikur frá og með 4. júlí til og með 15. júlí. Skráning í sumarskóla er í höndum leikskólastjóra og er bindandi.

**4. 1412138 - Þróunarsjóður skóla- og frístundasviðs**

Á árinu 2015 ákvað bæjarstjórn að leggja árlega kr. 3.500.000 í nýjan Þróunarsjóð skóla- og frístundasviðs. Tilgangurinn með þróunarsjóðnum er að styðja við þróunar- og nýsköpunarstarf á sviði skóla- og frístunda á vegum Akraneskaupstaðar með það að markmiði að starfsemin verði í sífelliðri þróun í takt við breytingar í umhverfi og samfélagi. Skóla- og frístundasviði tilheyra sérfræðibjónusta skóla, leikskólar, grunnskólar, Tónlistarskólinn á Akranesi, frístundamiðstöðin Þorpið og íþróttamannvirki Akraneskaupstaðar. Skólar, frjáls félagasamtök og aðrir aðilar geta verið samstarfsaðilar í þróunarverkefnunum.

Skóla- og frístundaráð hvetur aðila á skóla- og frístundasviði til að senda inn umsóknir um styrki úr sjóðnum. Umsóknarfrestur er til og með 27. janúar 2016. Brynhildur Björg og Gunnur viku af fundi kl. 17:20.

**5. 1512203 - Reglur um niðurgreiðslur vegna dvalar barna hjá dagforeldrum**

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti við fjárhagsáætlun 2016 kr. 2.500.000 til að heimila auka niðurgreiðslur til foreldra sem eru með samning við dagforeldri vegna barna sem náð hafa tveggja ára aldri þar til leikskólapláss hefur verið tryggt. Bæjarstjórn felur skóla- og frístundaráði nánari útfærslu á þessari heimild. Afgreiðslu frestað.

**6. 1511189 - Reglur um styrkveitingar vegna umsókna um tónlistarnám í öðrum sveitarfélögum.**

Á fundi bæjarráðs 12. nóvember 2015 var þeim þeim tilmælum bein til skóla- og frístundaráðs að semja drög að reglum um styrkveitingar til tónlistarnáms einstaklinga sem hafa lögheimili á Akranesi en stunda tónlistarnám í öðru sveitarfélagi.

Drög að reglum ræddar.

Sigrún og Kristinn viku af fundi kl. 18:30.

**7. 1509390 - Styrkir vegna menningar-, íþróttar- og atvinnumála 2016**

Umsóknarfrestur styrkja í styrktappott menningar-, íþróttar- og atvinnumála rann út 1. desember sl. fyrir úthlutun á árinu 2016.

Bæjarráð óskar eftir umsögn og forgangsröðum frá skóla- og frístundaráði um umsóknir sem falla undir íþróttamál.

Farið var yfir umsóknir um styrki vegna íþróttamála. Umsögn og forgangsröðun send til bæjarráðs sem tekur endanlega ákvörðun um úthlutun.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:10.

Sigrún Indriðadóttir Sigrún Inga Guðnadóttir  
Haukur Óður Ragnarsdóttir Valdís Þórhildsdóttir  
Kunki H. Gunnarsson Síðastaðarhálfir

51

2